

# Sýn sveitafélaga varðandi strandsvæðastjórnun.

Aðalsteinn Óskarsson.  
Fjórðungssamband Vestfirðinga  
Ísafirði 31. ágúst 2011



# Strandsvæði



- Fjölbreytt náttúra
  - Fjara, sjávarflötur, sjávarmassi, yfirborð hafsbots og hafsbotn
- Viðkvæm vistkerfi
- Auðlindir – fjölbreytt nýting
- Byggð – saga – hefð (menning)




# Fjölbreytt aðkoma




- Fiskveiðar
- Samgöngur og flutningar
- Hlunnindi
- Ferðapjónusta og útivist
- Efnisnám: Mannvirkjagerð og iðnaður
- Eldi / ræktun
- Landfyllingar
- Uppbygging innviða
- Önnur mannvirkjagerð
- Orkuöflun





BREIDAFJÖRÐARNEFND



# Stjórnsýslan




# Stjórnsýslan - ríki



## ■ Starfsemi og stjórnun strandsvæða


- 4 ráðuneyti og a.m.k. 11 undirstofnanir
- 38 lög og fjöldi reglugerða.
- Lög um fiskveiðar.., Hafsbotnslögin (þjóðlenda), Skipulagslög, Mannvirkjalög, Lög um umhverfismat, Lög um fiskeldi, Lög um stjórn vatnamála, , Lög um kolvetnisnýtingu, Lög um verndun hafs og stranda, Jónsbók ...



# Stjórnsýslan - sveitarfélög



- Lögsögumörk (skipulag) til hafsins afmarkast af 115 m frá stórstraumsfjöruborði.
- Framkvæmdaleyfi “Sé sótt um framkvæmdaleyfi á svæði sem er innan einnar sjómílu frá netlögum skal leyfisveitandi leita umsagnar viðeigandi sveitarfélaga áður en leyfið er veitt”. (7. mgr, 13. gr 123/2010, Skipulagslög).






# Stjórnýslan sameiginleg mál



- Stefnuskjöl á landsvísu
  - Landsskipulagstefna
  - Ísland 20/20
  - Sóknaráætlun landshluta
  - Vatnatilskipun EB
- Löggjöf
- Alþjóðasamningar og viljayfirlýsingar.
- Sveitarfélögin
  - Aðalskipulag
  - Heilbrigðisnefndir





# Stjórnsýslan



## ■ Veikleikar

- Ekkert skipulag á umræddum svæðum
  - Hagsmunaárekstrar
  - Óvissa um framtíðina
  - Vannýtt tækifæri
- Mjög takmörkuð aðkoma sveitarstjórna
- Skortur á samþættingu



# Sýn stjórnskerfis

# Sýn stjórnkerfis

“Augljóst er að í Arnarfirði á sér nú þegar stað nokkuð fjölbreytt nýting fjarðarins og enn frekari starfsemi er fyrirhuguð. Einungis lítill hluti þessarar starfsemi heyrir undir lög um mat á umhverfisáhrifum og rétt er að geta þess að ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b., þar sem Skipulagsstofnun hefur heimild til þess að taka ákvörðun um að framkvæmdir á sama svæði skuli hlíta sameiginlegu mati á umhverfisáhrifum, eiga eingöngu við um matsskyldar framkvæmdir. Því eru lög um mat á umhverfisáhrifum ekki rétta stjórnækið til þess að fá fram mat á getu Arnarfjarðar til þess að bera þá margvíslegu starfsemi sem þar er fyrir og áformuð er í náinni framtíð.” (Skipulagsstofnun (2011). *Framleiðsla á 3.000 tonnum af laxi í sjókvíum í Arnarfirði á vegum Arnarlax ehf. Ákvörðun um matsskyldu.*

# Sýn sveitarfélaga

## Samþykkt 55. Fjórðungspings Vestfirðinga 2010. Umhverfis og skipulagsmál.

- Til framtíðar litið er skipulag á nýtingu strandsvæða eitt af mikilvægustu hagsmunamálum byggðar og atvinnulífs á Vestfirðum. Frumkvæði Fjórðungssambands Vestfirðinga og samstarfsaðila þess um gerð nýtingaráætlunar fyrir Arnarfjörð hefur nú hlotið stuðning stjórnvalda og ber að fagna því. Þar með er fyrsta skrefið stigið í átt að heildarskipulagi fyrir strandsvæði Vestfjarða.
- Lögsögumörk sveitarfélaga til hafsins skulu færð út sem nemur einn sjómílu frá stórstraumsfjöruborði.
- Fjórðungsping Vestfirðing samþykkir að stefna að sameiginlegri umhverfisvottun Vestfjarða í heild samkvæmt staðli Earth Check undir forystu Fjórðungssambands Vestfirðing. Þingið felur stjórn og framkvæmdastjóra að kynna hugmyndina og kanna vilja sveitarstjórna og sækja um aðild að Earth Check fyrir Vestfirði í heild ef viðbrögð verða jákvæð.

## Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2011-2013

- 3.12.4. Tryggja að samráð sé haft við samtök sveitarfélaga og hlutaðeigandi sveitarfélög við gerð opinberra áætlana sem hafa áhrif á nýtingu auðlinda, svo sem fallvatna, jarðhitasvæða og strandsvæða, eða skipulagsáætlanir sveitarfélaga. Jafnframt verði tryggð aðkoma sveitarfélaga að ákvörðunum um nýtingu þjóðlendna og málefni þjóðgarða.



# Sýn sveitarfélaga

## Bókun bæjarráðs Vesturbyggðar

- Það er almenn skoðun bæjarstjórnar Vesturbyggðar að nógildandi lög og reglur, um rekstrarleyfi til fiskeldis í sjó, **séu löngu úreltar og skora á yfirvöld að endurskoða þau hið fyrsta.** 23. mars 2010.
- Bæjarráð Vesturbyggðar telur að sjókvíaeldi í Arnarfirði **skuli ekki háð** mati á umhverfisáhrifum, en bendir á að í vinnslu er nýtingaráætlun fyrir Arnarfjörð sem er í samræmi við viljayfirlýsingu sveitarfélaga á Vestfjörðum. Í þeirri vinnu er meðal annars tekið á mikilvægi þess að hafa samráð við alla hagsmunaaðila á svæðinu. ....
- Bæjarráð ítrekar bókun bæjarstjórnar Vesturbyggðar frá 23. mars 2010 um hið sama. 1. mars 2011.

Bókun umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar 4. mars 2011, (afgreidd óbreytt af bæjarstjórn).

Á meðan að nýtingaráætlun liggur ekki fyrir og þar sem fjörðurinn er viðkvæmt og óskipulagt svæði, telur umhverfinefnd **að þörf sé** á mati á umhverfisáhrifum með vísan í lög nr.106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, viðauki 3.

Umhverfisnefnd ítrekar fyrri bókun og áréttar enn og aftur að hún telur mikilvægt að Ísafjarðarbær öðlist skipulagsvald yfir strandsvæðum sínum út að einni sjómílu frá grunnlínupunktum.

Þeir árekstrar sem nú stefnir í á milli hagsmunaaðila og þau kærumál sem liggja fyrir, undirstrika mikilvægi þess að grunnvinnan verði unnin á ítarlegan hátt og heildarsýn á nýtingu svæðisins liggi fyrir áður en fleiri leyfi verða veitt.

# Ný sýn stjórnvöld

# Ný sýn, stjórnvöld.

---

- Október 2010, sjávarútvegs – og landbúnaðarráðuneyti. Skipar nefnd á vegum ráðuneytisins sem hefur það hlutverk **að gera úttekt á þeim lögum og reglum**, sem gilda um framkvæmdir og athafnir með ströndum landsins og í efnahagslögsögunni.
- Jafnframt var óskað eftir því að nefndin meti hvort þörf sé á skýrari reglum um þessi mál og **hvort ástæða sé til að setja löggjöf um skipulag strandsvæða**.
- Upplýsingavettvangur stofnana.
  - Fundur Skipulagsstofnunar 18. maí 2011




Ný sýn sveitarfélaga



# Aðdragandi

- Áhugi fyrir sameiginlegri stefnumörkun fjórðungsins
  - Samhljómur í skipulagsáætlunum
  - Sóknaráætlun landshluta
  - Svæðisskipulag
  - Umhverfisvottun sveitarfélaga
- Áherslur
  - Viðhalda og stuðla að uppbyggingu núverandi atvinnuvega
  - Náttúruleg gæði
  - Samfélagslegir þættir
  - *Skipulagning strandsvæðis*
- Samþætting áætlana



Sjálfbær  
þróun

# Markmið og ávinningur



## ■ Markmið

- Að gera samþætta nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Vestfjarða

## ■ Ávinningur

- Sameiginleg sýn – sterk heild
- Minni hagsmunaárekstrar
- Aukin samvinna
- Samþætting við ákvarðanatöku - yfirsýn
- Breyttar aðstæður - aðlögun
- Nýsköpun
- Langtímahagsmunir



# Umfang



## ■ Afmörkun svæðis

- Innri mörk. 115 m frá stórstraumsfjöruborði
- Ytri mörk
  - 1 km út frá grunnlínupunkti fiskveiðilanhelqi
  - 1 sjómíla frá stórstraumsfjöruborði
  - Sjónlína til hafsins

## ■ Arnarfjörður tilraunaverkefni



# Umfang



- Gildi áætlunarinnar
  - Stefnuyfirlýsing sveitarfélaga
  - Ekki áætlun á grunni gildandi laga
- Innihald áætlunarinnar
  - Skráning á núverandi nýtingu
  - Samantekt á tiltækum gögnum
  - Framtíðarsýn og skilgreind nýting svæða
  - Aðferðafræði
- Afurðir
  - Greinargerð
  - Uppdrættir





# Aðferðir



- Samvinna lykilatriði
  - Við íbúa og aðra hagsmunaaðila
    - **Skipulagshópur**
  - Við stofnanir og ráðuneyti
    - **Bakhópur**
- Nota „verkfæri“ sem eru til staðar
  - Aðferðafræði svæðisskipulags
  - Umhverfismat
  - Ígildi skipulagsáætlunar



# Husanleg niðurstaða

---

- Fjölbreytt og vel skipulögð nýting auðlinda.
- Sjálfbær nýting þar sem áhersla verður lögð á langtímahagsmuni við verðmætasköpun, verndun lífríkis og umhverfis.
- Íbúar (samfélag) skulu njóti afraksturs þeirrar verðmætasköpunar sem fram fer í tengslum við nýtingu fjarðarins.

# Til umhugsunar



- Margbætt nýting sama svæðis
  - “margir um sömu þúfuna”  
verður að vera
  - “margir sáttir um sömu þúfuna”
- Samþætta skipulag á landi og hafi
  - Lögsögumörk aðlöguð að landslagi á landi og hafsbotni
- Mat á auðlindarrentu

